


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	HTL 603	Kennsluáætlun haustönn 2014

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir Þriðjudagur kl 12.30-13.00	Sk.stöfun: Netfang:	SBJ sveina@vma.is
--	---	------------------------	----------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

Markmið:

er að nemandinn:

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

Námsgögn:

Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Efni:

Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það. Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Áætlun um yfirferð:

Verkáætlun:

Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

Dag- og/eða skissubók:

Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, pælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

Umræður:


Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (sjá töflu).

Sýning:

Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

Greinargerð:

Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
HTL 603		
Kennsluáætlun haustönn 2014		

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
35	27. ágúst	Fundur + Skipulagning viðtala	43	22. október	Fundur + Yfirferð
36	1. - 5. september	Einstaklingsviðtöl Skil á verklýsingu	44	27. október - 31. nóvember	Einstaklingsviðtöl
37	8. - 12. september	Einstaklingsviðtöl	45	5. nóvember	Fundur + Skipulagning sýningarundirbúnings
38	15. - 19. september	Einstaklingsviðtöl	46	12. nóvember	Skila skal fullkláruðu verki. Yfirferð + sýning undirbúin
39	24. september	Fundur + Yfirferð	47	17. - 21. nóvember	Sýningarundirbúningur
40	29. september - 3. október	Einstaklingsviðtöl		22. - 23. nóvember	Sýning + Yfirferð með prófdómurum
41	6. - 10. október	Einstaklingsviðtöl	48	24. - 28. nóvember	
42	13. - 17. október	Einstaklingsviðtöl	49	2. desember	Skila skal: Greinargerð, dag-/skissubók og ferilmöppu

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
Vinnuáætlun	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
Dag-/Skissubók og Ferilmappa	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemandans og allar skissur + öll þróunar og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt	20%
Greinargerð	Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til loka niðurstöðu	5%
Sýningarundirbúningur	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennara brautarinnar	50%

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósött verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.

Með fyrirvara um breytingar Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra